

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjöldin greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphreinsun fer fram greiða kr. 17.200 í sorphirðugjald og kr. 14.900 á íbúð í sorpeyðingargjald. Miðað er við tvær sorptunnur í sorphreinsunargjald, en húseigendum eru í upphafi afhentar tvær, ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp.
- b) Sumarbústaðir þar sem sorphirða fer ekki fram greiða kr. 4.950 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 7.550 á bústað í gámagjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 4. desember 2014 með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1275/2013.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu.

Snæfellsbæ, 4. desember 2014.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.